

AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli
fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. júní til 15. júlí 1989.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll fyrir frystan hörpudisk á framleiðslutímabilinu 1. júní til 15. júlí 1989:

Laus- og blokkfrystur hörpudiskur:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 60 stk. í lb.	2,85
Fleiri en 60 stk. í lb. og óflokkað	2,64
Hálfhreinsaður	1,30
Rauður og brotinn	1,60

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í eða úr sjóðnum nema 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða fráðregnu verðbili.

Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1989.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.

AUGLÝSING

um endurgreiðsluhlutfall söluskatts fiskvinnslufyrirtækja.

Sjávarútvegsráðuneytið hefir ákveðið eftirfarandi hlutfall endurgreiðslu af aðföngum fiskvinnslu, sem miðað er við fob-verðmæti útflutningsframleiðslu. Gildir það um útflutning frá og með júní 1989 til og með nóvember 1989. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 125, 14. mars 1989.

1. Frysting	3,0%
2. Rækjuvinnsla	3,0%
3. Hörpudiskvinnsla	3,5%
4. Síldarsöltun	2,0%
5. Söltun	2,0%
6. Hersla	2,0%
7. Mjöl- og lýsisvinnsla	3,0%
8. Lifrarlýsi	2,0%
9. Ísvarin og kæld flök	2,0%

Sjávarútvegsráðuneytið, 10. júlí 1989.

F. h. r.

Árni Kolbeinsson.

Arndís Steinhórsdóttir.